



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 30. mars 2015.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun samþykkisskrár, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 13. október sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um stofnun samþykkisskrár, 22. mál á 144. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni felst að innanríkisráðherra láti hefja skráningu á óskum einstaklinga varðandi a) brottám líffæra eða lífrænna efna við andlát til nota við læknismeðferð annars einstaklings eða til vísindarannsóknna, b) nýtingu skýrt afmarkaðra persónugagna til vísinda- og fræðirannsóknna og c) annarra óska er varða persónuréttindi. Tillagan geri ráð fyrir að ráðherra standi að ítarlegri kynningu á samþykkisskrá og tilgangi hennar og kanni möguleika á því að gera skráningu þessa að formlegum hluta fullnustu tiltekinna leyfa eða við veitingu réttinda, s.s. þegar einstaklingur öðlast fullnaðarskírteini til ökuréttinda, fær leyfi til hættulegra verka eða athafna eða þegar fullveðja útlendur einstaklingur fær búsetuleyfi eða ríkisborgararétt. Frumvarp í þessa veru verði lagt fram eigi síðar en á haustþingi 2015 þannig að skráning geti hafist eigi síðar en 1. janúar 2016.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að frumvarp um breytingu á lögum um brottám líffæra sem lagt var fram á 143. löggjafarþingi hafi verið ákveðin kveikja á tillögunni. Í því frumvarpi var lagt til að ætlað samþykki dygði gagnvart brottnámi líffæra til líffæragjafa. Lí lagðist gegn því frumvarpi m.a. vegna þess að félagið telur að upplýst samþykki eigi að vera forsenda líffæragjafar. Lí benti m.a. á að unnt væri að gefa einstaklingum færi á að gefa vilja sinn til kynna, t.d. á ökuskírteini.

Frá því að tillagan var lögð fram hefur það gerst að á heimasíðu landlæknis hefur verið opnað fyrir möguleika einstaklinga til að skrá vilja sinn hvað varðar líffæragjöf, sjá slóðina: <https://donor.landlaeknir.is/Home.aspx>. Samkvæmt fréttum hafa viðtökur verið góðar.

LÍ telur að þessi nýji möguleiki gagnvart skráningu á vilja gagnvart líffæragjöf á heimasíðu embættis landlæknis komi a.m.k. að hluta til til móts við þann tilgang sem stofnun samþykkisskrár er ætlað að mæta. Mögulega er tillagan því ekki eins brýn og áður. Lí lýsir sig engu að síður jákvætt gagnvart þessari þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.